



**Ávarp forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á setningu afmælisráðstefnu SÁÁ
„Áfengis- og vímuefnavandi”
16. október 1997**

Heiðruðu ráðstefnugestir.

Þegar SÁÁ fagnar 20 ára afmæli með viðamikilli alþjóðlegri ráðstefnu um áfengis- og vímuefnavandann er það staðfesting á frumkvæðisanda og sóknarkrafti sem frá upphafi hefur sett meginsvip á starfsemi samtakanna.

Íslenskt þjóðfélag hefur löngum notið góðs af störfum félagshreyfinga sem sprotnar eru úr jarðvegi fórnfýsi og áhuga fjölda einstaklinga sem hönd í hönd ryðja nýjar brautir og bjóðast til að vinna verk sem áður voru talin á mörkum hins ómögulega.

Vissulega er saga SÁÁ áhrifaríkur vitnisburður um þessa eiginleika Íslendinga og aðrar þjóðir sækja nú lærdóma í okkar reynslu. Samt er gleðin vegna öflugra samtaka blandin vonbrigðum vegna þess að enn vex áfengis- og vímuefnavandinn í þjóðfélagi okkar og þúsundir einstaklinga, því miður sífellt yngri að árum, kalla eftir hjálp og björgun.

Dagsstund okkar Guðrúnar Katrínar á Staðarfelli á liðnu sumri var okkur dýrmæt reynsla. Samræður við ungar konur og karla sem hætt voru komin en stefndu þó á tind sigurs á sjálfum sér veittu okkur mikilvæga innsýn í lífsbaráttu þeirra sem standa á brún bjargsins en hafa vilja að leita leiða til baka.

Í hetjulegri frásögn ungmennanna birtust okkur harmleikir fjölskyldufólks en einnig áhrifarík leiðsögn SÁÁ til betra lífs, sú samhjálp sem hefur sigur hvers og eins á sjálfum sér að leiðarljósi.

Því miður hefur mikið skort á að forystusveit íslensks þjóðfélags, framvarðasveitir í þjóðmálum, atvinnulífi og félagsstarfi sýni í verki að raunverulegur skilningur sé á þeim hættumerkjum sem við blasa. Æ fleiri, æ yngri að árum, verða fórnarlömb áfengis og vímuefna. Meðferðarstofnanir glíma við vanda sem áður var nánast óþekktur: að lækna nú fjölda ungmenna sem rétt eru komin af barnsaldri.

Skýrslur SÁÁ sýna okkur tölur sem áður fyrr hefðu vart verið teknar trúanlegar en eru áminning um þann voða sem gerist æ frekari til landnáms í samfélagi okkar.

Fordæmi forystufólks og þeirra sem ungt fólk hefur að fyrirmyndum skiptir miklu máli á tímum þegar myndræn áhrif alþjóðlegra fjölmiðla skapa í sífellu ný tákni, atferli og átrúnað.

Það þarf að efla skilning allra sem áhrif hafa á því að heilbrigt líf og hófsemi eru dyggðir sem eru ungu fólki vænlegt veganesti, leiðsögn um hvers konar hegðun skilar okkur hamingju og farsæld.

Það þarf að breyta stíl á opinberum hátíðum og mannfögnum fyrirtækja og félagssamtaka og virkja sem flesta sem ábyrgð bera til að gerast öflugir liðsmenn í baráttunni gegn áfengis- og vímuefnavandanum.

Við þurfum ávallt að hafa hugfast að sigur mun aldrei vinnast í þessari baráttu ef hún verður eingöngu bundin við meðferðarstofnanir og sálarstríð einstaklinga. Samfélagið allt - æðsta stjórn ríkisins, sveitastjórnir, fjölmiðlar, félagssamtök og fyrirtæki - verða að gera hana að sinni baráttu.

SÁÁ has made an important contribution to the campaign against alcohol and drug abuse in Iceland by inviting to its anniversary conference respected researchers and leaders from institutions and organisations which have devoted their energies to tackling this problem in many parts of the world. This conference will discuss approaches which have proved successful in curing individuals and enhancing clinical work. The interaction between prevention and cure, the impact of drugs and the social environment, the genetic factor in alcoholism, professional training and the strategies employed by official institutions – these issues and many others will be addressed by the distinguished group gathered here today.

In many ways Iceland is an ideal forum for research and empirical studies. Its small and homogenous society, strong public sense of involvement, open debate and access to a valuable database of detailed records, its absence of administrative obstacles to establishing links between diverse factors –all these qualities make Iceland a fertile soil for multilevel research.

The anniversary conference which will begin here today is in effect a kind of pledge of commitment by the people of Iceland to boost their contribution to international research and academic dialogue in this field. Although the problem has to be tackled separately by each separate society, each family, each individual involved, the quest for solutions

must surely be based on international research and cooperation. The spirit of community that for centuries has been the hallmark of Icelandic society is an ideal banner under which to lead the global fight against the problem of alcohol and drug abuse.

I hope that your discussions and cooperation will produce extensive results, from which the whole world will benefit.

Ég óska SÁÁ heilla á afmælisári og vona að framsýnin og baráttuviljinn sem voru aðalsmerki samtakanna í upphafi veiti ykkur um ókomna framtíð kraft til að ná árangri í örlagaglímu sem vissulega er þjóðarinnar allrar.

Jafnfram færi ég samtökunum þakkir fyrir að vísa þúsundum landsmanna veginn til betra og heilbrigðara lífs, fyrir að veita fjölskyldum og einstaklingum á ný trúna á sjálfan sig, áræðni til að gerast á árangursríkan hátt sinnar gæfu smiður.